

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um bifreiðahlunnindi starfsmanna hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hve margir bankastarfmenn voru á bifreiðum í eigu nýju og gömlu ríkisbankanna 1. desember sl., sundurliðað eftir bönkum?
2. Hve margir fyrrverandi starfsmenn ríkisbankanna voru á slíkum bílum 1. desember sl., sundurliðað eftir bönkum?
3. Hvert er skattalegt hlunnindamat á hverja bifreið á mánuði?
4. Hver tekur ákvörðun um hver fái slík bifreiðahlunnindi?
5. Tíðkast slík hlunnindi almennt í öðrum ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum, t.d. hjá Ríkisútvarpinu, Landsvirkjun, Veðurstofnunni, Byggðastofnun o.s.frv.?

Skriflegt svar óskast.